

Tillaga
Afgreiðsla

A 1960/UHN
Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu um stuðning við smábýli í landbúnaði (A 1960/UHN)

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að vinna með virkum hætti að því að styðja við þróun smábýla í landbúnaði
- að útbúa hvetjandi bækling með úrræðum sem geta stutt við þróun smábýla í landbúnaði

Bakgrunnur

Smábýli í landbúnaði eiga undir högg að sækja. Sífelld fleiri smábýli hafa vikið fyrir stóriðnaði og hefur það margar neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir bæði samfélagið og umhverfið. Nokkrir af kostum þess að reka smábýli er að þau geta stutt við líffræðilega fjölbreytni ef þar eru t.d. notuð, til dæmis ef þar eru ræktaðar margar mismunandi tegundir og á minni svæðum og þar séu varðveitt hálfnáttúruleg og náttúruleg svæði¹. Á smábýlum er oft ræktuð blanda af plöntum, ávöxtum og hnotuvið, og örlítið dýrahald stundað, sem veldur litlu álagi. Þetta er andstætt einhæfum vistkerfum bæði í hefðbundinni og lífrænni ræktun, þar sem líffræðileg fjölbreytni á undir högg að sækja.

Í Danmörku eru smábýli í landbúnaði skilgreind sem 2 hektara eða stærri landareignir sem eru notaðar undir landbúnað, garðyrkju, ávaxtaekrur, skólagarða eða álíka landbúnaðarstarfsemi ásamt íbúðarhúsnæði. Eignir með 15,5 hekturum af jörð með almennri nýtingu (að frátölu svæði fyrir íbúðarhús, útihús, garð og hlað) eru alla jafna flokkaðar sem landbúnaðareignir, sem merkir að allt á milli 2 og 15 hektarar eru skilgreindir sem smábýli.

Jordbruksverket í Svíþjóð flokkar landbúnaðarfyrirtæki að hluta til eftir því hve margar staðlaðar vinnustundir eru unnar samtals landbúnaðarfyrirtækinu og að hluta til hvernig þær skiptast milli ræktunar lands og dýrahalds. Landbúnaðarfyrirtæki sem reiknast hafa minna en 400 staðlaðar vinnustundir flokkast sem smábýli eða

¹ [Increasing crop heterogeneity enhances multitrophic diversity across agricultural regions | PNAS](#)



smálandbúnaðarfyrirtæki². Árið 2020 voru um 22.600 landbúnaðarfyrirtæki (38% af heildinni) í Svíþjóð.

Í Finnlandi virðist ekki vera gerður greinarmunur milli smábýla í landbúnaði og umsvifameiri landbúnaðar. Landbúnaður er þó skilgreindur sem svo þegar fjárhagslegt umfang landbúnaðarframleiðslu nær 2000 evrum samkvæmt „Standard Output-aðferð“.

Samkvæmt [skilgreiningu norsku alfræðiorðabókarinnar SNL](#) („Store norske leksikon“) eru smábýli allt undir 100 ekrum. Auk þess mega ekki meira en 35 ekrur vera ræktað land. Mikilvæg afleiðing þess að falla undir skilgreiningu sem smábýli er að þá er engin leyfisskylda og hægt er að selja frjálst á markaði. Meðalstærð norskra landbúnaðareigna er um 250 ekrur og því er mjög líttill hluti smábýli.

Breytt landnýting er ein helsta ógnin við líffræðilega fjölbreytni. Búsvæði margra tegunda eru horfin eða við það að hverfa, þau minnka eða verða fyrir röskun vegna breyttrar landnýtingar, til dæmis þegar náttúrusvæði eru tekin undir landbúnað eða byggð, en þá verður æ minna rými fyrir líffræðilega fjölbreytni.

Í Danmörku hafa nærri 11000 smábýli horfið frá árinu 2011 og þessi fækkun er stöðug. Afleiðingarnar fyrir umhverfið eru margar en þær sem auðveldast er að mæla eru fjöldi skurða og skjólbelta. Land smábýla er keypt upp af stærri býlum sem vilja stóra samfellda akra og fjarlægja þess vegna skurði og skjólbelti. Skurðir og skjólbelti eru að hluta til nauðsynleg fyrir líffræðilega fjölbreytni, þar sem þau gegna hlutverki náttúrulegra gagna þvert á ræktaða jörð og geta verið mikilvæg búsvæði margra tegunda og eiga þátt í dreifingu tegunda sem annars eru í þrengslum innan ræktunarjarða³.

Tilhneiging til stærri landbúnaðarvinnslu er mest í Danmörku en hana er einnig að sjá annars staðar á Norðurlöndum. Með því að styðja með virkum hætti við þróun minni landbúnaðar tryggjum við líffræðilega fjölbreytni og búsvæði til að dýralíf á Norðurlöndum geti áfram dreift sér yfir samfelld búsvæði.

Um leið eiga smábýli þátt í að skapa og varðveita störf á svæðum þar sem annars væru fá atvinnutækifæri. Í framtíðinni mun straumur ferðamanna hægt og bítandi snúast við, þegar fólk fer að ferðast norður yfir sumartímann frekar en suður. Þetta nefnist

² <https://jordbruksverket.se/om-jordbruksverket/jordbruksverkets-officiella-statistik/jordbruksverkets-statistikrapporter/statistik/2022-04-28-jordbruksforetag-i-lantbruksregistret-och-foretagsregistret.-klassificering-sysselsattning-och-kombinationsverksamhet-2020#h-Beskrivningavregister>

³ <https://jyllands-posten.dk/jpaarhus/debat/breve/ECE13446410/faerre-laehegn-svaekker-biodiversiteten>



„loftlagstúrismi“, þegar íbúar landa í Suður-Evrópu ferðast til Norður-Evrópu og Norðurlanda til að forðast hita sem er í besta falli óþægilegur og í versta falli lífshættulegur. Smábýli eru upplagður áfangastaður fyrir marga þessara tjaldferðalanga og gætu bæði verið umtalsverð tekjulind fyrir norrænu löndin og mögulega skapað atvinnu í dreifbýli. Þá mun stuðningur við smábýli geta stuðlað að frekari þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu þvert um Norðurlönd.

Sjónarmið nefndarinnar

Flokkahópur hægrimanna færði rök fyrir því að landbúnaðarmál væru til meðferðar á vegum ESB með landbúnaðarstefnu ESB og að því væri ekki við hæfi að bregðast við þeim á vettvangi norræns samstarfs. Auk þess benti flokkahópurinn á að smábýli í landbúnaði væru ekki loftlagsvæn og að ekki væri endilega hægt að setja samasemmerki milli lítillar stærðar og jákvæðra áhrifa á líffræðilega fjölbreytni. Flokkahópur hægrimanna benti á að í Noregi væru 34.000 smábýli af 38.000 býlum alls og því varðaði tillagan lítið norskan landbúnað, en hún hefði augljósa þýðingu fyrir lönd á borð við Danmörku og Svíþjóð. Hópurinn studdi ekki tillöguna, og meðlimur utan flokkahópa tók undir það.

Norrænt frelsi tók undir þá greiningu flokkahóps hægrimanna að smábýli í landbúnaði væru ekki loftlagsvæn. Hins vegar gæti landbúnaður í minni sniðum, með ræktun mismunandi tegunda o.s.frv. haft meiri líffræðilega fjölbreytni í för með sér en á stórum býlum. Norrænt styður tillöguna en lagði áherslu á að þörf væri á bæði stórum og smáum býlum. Mismunandi aðstæður gerðu það að verkum að kröfur til landbúnaðar væru með ýmsu móti, en um leið gæfust tækifæri til uppbyggingar bæði stórra og smárra býla.

Norræn vinstri græn lýstu stuðningi við tillöguna. Flokkahópur miðjumanna var sammála því að þörf sé á bæði smáum og stórum býlum í landbúnaði og styður tillöguna.

Kiruna, 25. júní 2024

Tove Elise Madland (A)

Johan Andersson (S)

Karin Gaardsted (S)

Åsa Karlsson (S)

Ola Elvestuen (V)

Emma Berginger (MP)

Kari-Anne Jønnes (H)

Staffan Eklöf (SD)

Himanshu Gulati (FrP)